

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 28. nóvember 2023
UST202311-143/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Selakirkjuból 1 – Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Eimu í Selvogi. Í greinargerð kemur fram að unnið sé deiliskipulag fyrir Eimu í Selvogi sem markar lóðir fyrir tvö íbúðarhús og þrjú frístundahús í samræmi við heimildir aðalskipulags fyrir landbúnaðarsvæði.

Hraun

Í greinargerð segir að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð segir að gæta skal þess að raska hrauni sem minnst, sem er ekki í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga sbr. ofangreint. Hraun er nokkuð sandorpið og því mikilvægt er að skoða nánar hraunmyndanir á svæðinu og velja byggingareiti í samræmi við það til að vernda hraun.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu og því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur